

Skipulagsnúmer

**13243**

Sveitarfélag

**7620**

Undirnúmer

**101**

Dagsetning

**23.6.2016**



Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028

## Eyvindará II

Staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs  
skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
þann 1. júní 2016.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**aia**

A0597-018-U01

**51** Skipulagsstofnun

Mótt.: - 9. júní 2016  
Málnr.

**201409008**

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028


Á Eyvindará II, skammt norðan þéttbýlisins á Egilss töðum, er rekin bændagisting. Eyvindará II er í gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði (V26) og umfang starfseminnar afmarkað með svofelldum skilmála:

V26, Eyvindará II: Ferðaþjónusta með gistingu í smáhýsum.

Tillagan felur það í sér að skilmálanum sé breytt og hann hljóði svo eftir breytinguna:

V26, Eyvindará II: Ferðaþjónusta með gistingu.

Engar breytingar verða á skipulagsuppdrætti en hluti af sveitarfélagsuppdrætti B er sýndur hér fyrir neðan:



*Staðfest skipulag úr sveitarfélagsuppdrætti B, 1:30.000. Reitur V26 sést rétt neðan við miðja mynd.  
Tillagan felur ekki í sér breytingar á uppdrættinum.*

### Greinargerð

Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs var staðfest þann 21. desember 2009. Þar var stefnu um landnotkun að Eyvindará II lýst þannig að þar væri gert ráð fyrir ferðaþjónustu með gistingu í smáhýsum. Rúmu ári fyrr, þann 11. desember var staðfest deiliskipulag þar sem fram kom að umrædd gisting væri ekki bundin við smáhýsi heldur einnig í sérstöku húsi með mörgum gistiherbergjum, sem þá var fyrirhugað. Það var ekki ásetningur sveitarstjórnar að takmarka gistingu við smáhýsi eins og deiliskipulagið er til marks um. Úr þessu vill sveitarstjórn bæta með breytingunni.

Í stefnu Fljótsdalshéraðs er lögð áhersla á að ferðaþjónusta sé ein lykilatvinnugreina í sveitarfélagini.

Hagsmunaðilar á svæðinu, sem eru einkum næstu nágrannar, eru vel meðvitaðir um ferðaþjónustuna á Eyvindará II og fyrnefnt deiliskipulag. Ekki er búist við að breytingin rekist á neina hagsmuni nágranna né heldur á svæðisvísu.

### Umhverfismat

EKKI verður séð að ferðaþjónusta á Eyvindará II hafi nein önnur umhverfisáhrif eftir breytingu í samræmi við tillöguna en hún þegar hefur eða getur haft án breytingarinnar. Eyvindará II tengist Borgarfjarðarvegi nr. 94 með afleggjara, sem er að hluta sameiginlegur með Eyvindará I og IV. Hagsmunaðilar sem þar búa eru þegar meðvitaðir um þá landnotkun sem breytingin felur í sér enda kemur hún skýrt fram í áðurnefndu staðfestu deiliskipulagi og í samráði sem haft hefur verið við þá við

undirbúning nýrrar deiliskipulagstillögu fyrir Eyvindará II. Áhrifin eru engin á svæðisvísu en svæðið er rétt utan þéttbýlismarka Egilsstaða og vel í sveit sett til að þjóna ferðafólki á Héraði.


### **Samþykkt og staðfesting**

Hér fyrir neðan er áritað samþykki bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og staðfesting Skipulagsstofnunar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir því sem ferli tillögunnar vindur fram.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 1. júní 2016.

  
\_\_\_\_\_  


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. þann 23. 6. 2016.

  
\_\_\_\_\_  
  